

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari
Dags. 24. október 2019
Mnr. 2019090105



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Ráðning slökkviliðsstjóra

Þann 3. október sl. var auglýst til umsóknar 100% starf slökkviliðsstjóra slökkviliðs Ísafjarðarbæjar með umsóknarfresti til miðnættis 21. október sl. Umsækjendur voru fimm talsins og eru eftirfarandi:

- Einar Már Jóhannesson – stjórnandi þjálfunar og atvinnuslökkviliðsmaður
- Gunnar Björgvinsson – viðskiptafræðingur og atvinnuslökkviliðsmaður
- Hermann G Hermannsson – varaslökkviliðsstjóri
- Sigurður A Jónsson – öryggisfulltrúi og atvinnuslökkviliðsmaður
- Þorkell Lárus Þorkelsson – lögregluvarðstjóri og atvinnuslökkviliðsmaður

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir ræður sveitarstjórn slökkviliðsstjóra.

Ráðningarferlið er í höndum Intellecta. Undirrituð leggur til að tillaga að ráðningu verði lögð fyrir bæjarráð sem leggi síðan fram tillögu til bæjarstjórnar um ráðningu slökkviliðsstjóra slökkviliðs Ísafjarðarbæjar og að farið verði með tillögur sem trúnaðarmál.